



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Fálkabakka

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Bifreiðar og strætisvagnar, hafa ítrekað lent í vandræðum í Fálkabakka vegna mikillar hálfu að undanförunu. Um er að ræða þekkt og langvinnt vandamál en við slæmar aðstæður getur alvarleg hættu skapast í hálli brekkunni. Lagt er til að málið verði skoðað í samráði við Strætó bs. og viðeigandi úrbætur gerðar. Í því skyni að auka umferðaröryggi verði skoðaður sá kostur að hita upp götuna þar sem brattinn er mestur. Einnig verði skoðað að hafa þá strætisvagna á nagladekkjum, sem aka Fálkabakka í vetrarfærð.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 15. febrúar sl.

Umsögn:

Þrátt fyrir að hálka getur myndast í Fálkabakka þá eru aðstæður þar ekki svo slæmar að leggja ætti sérstaklega áherslu á þann stað umfram aðra staði.

Lögð hefur verið áhersla á, bæði af Strætó og Reykjavíkurborg, að vetrarþjónusta á strætóleiðum sé í forgangi með það að leiðarljósi að Strætó nái að aka sínar leiðir greiðlega og örugglega.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri